

# Ábyrg stefna er nauðsynleg - Fjármálastefna 2018-2022

---

Umsögn Samtaka atvinnulífsins – 12. febrúar 2018

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid



## Umsögn SA (1/3)

- **Óslitinn hagvöxtur í 11 ár.** Í nýrri fjármálastefnu stjórnvalda, þeirri þriðju á jafnmörgum árum, er gert ráð fyrir samfelldum hagvexti fram til ársins 2022. Með stefnunni er því enn treyst á óvenju langt hagvaxtarskeið. Til samanburðar þá hafa hagvaxtarskeið á Íslandi almennt enst í sex til sjö ár.
- **Agnarsmár afgangur.** Fjármálastefnan er nú sett fram í kjölfar mikils efnahagsleg uppgangs, tekjustofnar hafa vaxið hratt og tekjur hins opinbera aldrei verið meiri. Fyrirhugaður rekstrarafgangur á næstu árum er aftur á móti ekki mikill, að jafnaði 1% af landsframleiðslu eða um 26 milljarða króna, sem er heldur minni afgangur er fyrri fjármálastefnan áætlaði. Til samanburðar var afgangur á rekstri hins opinbera fimmfalt meiri á árunum 2004-2007. Uppsveiflan mun taka enda og Samtök atvinnulífsins telja einfaldlega ábyrgðaleyssi að búa ekki betur í haginn því það mun margborga sig þegar harðnar á dalnum.
- **Hagvaxtarforsendur breytast skjótt.** Óvissa ríkir í innlendum efnahagsmálum um þessar mundir og má greina vísbendingar þess efnis að það hægi hratt á vexti hagkerfisins. Spáskekkjur eru líklegri til að vera enn meiri á slíkum tímum. Verði hagvöxtur minni en áætlanir gera ráð fyrir gæti afkoma hins opinbera hæglega breyst í halla. Lítið má því út af bregða. Samtök atvinnulífsins taka undir þá skoðun fjármálaráðs að sviðmyndagreining opinbers rekstrar, m.v mismunandi hagvaxtarforsendur fyrir komandi ár, væri æskileg og myndi auka trúverðugleika fjármálastefnunnar. Þá skortir mat á aðhaldsstigi fjármálastefnunnar sem er gagnrýnisvert.
- **Áfram skal lögð áhersla á niðurgreiðslu skulda.** Jákvætt er að stjórnvöld ætli sér áfram að greiða niður skuldir og stefnt er að því að skuldir verði komnar undir skuldaviðmið á árinu 2020. Hvergi skal hvika frá þeim áformum enda var takmörkuð skuldsetning ein lífsbjörg okkar Íslendinga í síðasta efnahagsáfalli. Þrátt fyrir þessi áform verða skuldir hins opinbera þó talsvert hærri í lok árs 2022 en við lok síðustu uppsveiflu.

## Umsögn SA (2/3)

- **Fjármálareglurnar ekki nægilega vel útfærðar.** Vonir hafa verið bundnar við að ný lög um opinber fjármál muni stuðla að auknum aga í fjármálastefnu hins opinbera. Með lögunum er lögð áhersla á langtímahugsun og bætt vinnubrögð. Þrátt fyrir að það sé skynsamleg nálgun er útfærslan á lögunum ekki nægilega góð. Afkomureglan nær hvorki að hemja útgjaldavöxt á uppgangstímum né kerfislega aukningu fjárheimilda frá framlagningu fjárlagafrumvarps til endanlegs ríkisreiknings. Nægir að horfa til ársins 2017; útgjöld hafa vaxið umfram upphaflegar áætlanir og fjármálastefnan er þensluhvetjandi.
- **Horfum til reynslu annarra ríkja.** Flest önnur þróuð ríki styðjast við fjármálareglur og er þar afkomuregla algengust. Það sem einkennir þó afkomureglu flestra annarra ríkja er leiðrétting fyrir hagsveiflunni. Önnur ríki kjósa einnig að takmarka útgjöld með útgjaldareglu. Báðar reglurnar eiga það sammerkt að tryggja að aðhaldi sé gætt á uppgangstímum en að slakinn sé þeim mun meiri í niðursveiflu. Eðli málsins samkvæmt er auðveldara að fylgja einfaldri afkomureglu, eins og íslensk stjórnvöld gera, þegar tekjustofnar vaxa hratt. Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld til að útfæra betur fjármálareglur sínar og tryggja þannig aðhald á uppgangstímum.
- **Mikilvægt að nýta betur skattfé landsmanna.** Að mati Samtaka atvinnulífsins er of lítil áhersla á aðhald og mikilvægi þess að draga úr opinberum umsvifum þrátt fyrir að þau séu ein þau mestu innan OECD. Það væri óskandi að stjórnvöld myndu leggja aukna áherslu á skilvirkni í opinberum rekstri og forgangsröðun í næstu fjármálaáætlun. Mjög hefur skort á slíkt í þeim fjármálastefnum sem lagðar hafa verið fram. Illa nýtt skattfé er sóun á fjármagni og mikilvægt að stjórnvaldamenn hafi hugfast að aukin útgjöld eru ekki endilega ávísun á betri þjónustu.
- **Á að festa Ísland í sessi sem háskattaríki?** Það er jafn óábyrg stefna að stunda þensluhvetjandi fjármálastefnu á uppgangstímum og að festa Ísland í sessi sem háskattaríki. Slík stefna kemur niður á samkeppnishæfni landsins. Skattar voru hækkaðir hér eftir 2008 og standa þær skattahækkanir flestar óhreyfðar. Í fjárlagafrumvarpi 2018 eru frekari skattahækkanir boðaðar en engar skattalækkanir. Skapa þarf rými svo hægt sé að draga úr álögum á almenning en slíkt er ómögulegt án þess að stjórnvöld haldi aftur að útgjöldum.

## Umsögn SA (3/3)

- **Framtíðarsýn óskast.** Það hægir hratt á vexti hagkerfisins og það er nokkuð ljóst að stjórnvöld geta ekki lengur treyst á mikinn tekjuvöxt til að fjármagna aukin útgjöld. Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld til að móta ítarlega framtíðarstefnu í fjármálaáætluninni sem kynnt verður í vor. Það hefur skort í fyrri áætlunum. Horfa þarf til ólíkra leiða til að fjármagna þá innviðauppbýggingu sem fyrir höndum er. Horfa þarf með opnum hug til þeirra tækifæri sem liggja í ólíkum rekstrarformum t.a.m. á sviði heilbrigðis- og menntamála. Stjórnvöld þurfa að sama skapi að móta skattastefnu sem eykur samkeppnishæfni þjóðarbúsins.
- **Fimm atriði er mikilvægt að hafa hugfast þegar stefna opinberra fjármála er mörkuð.** Á vormánuðum verður lögð fram ítarleg fjármálaáætlun byggð á þeirri fjármálastefnu sem nú er lögð fram. Hér að neðan eru þau fimm atriði sem Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að stjórnvöld hafi í huga þegar sú áætlun er mörkuð.
  - 1) **Uppsveiflur taka enda.** Mikilvægt er að auka afganga af rekstri hins opinbera meðan tekjustofnar eru enn sterkir. Stjórnvöld munu búa af þeirri ráðdeild næst þegar harðnar á dalnum.
  - 2) **Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu.** Það á ekki að vera markmið í sjálfu sér að auka opinber útgjöld heldur fyrst og fremst að skila betri þjónustu þar sem hennar er þörf. Tækifæri eru falin í betri nýtingu fjármuna og forgangsröðunar innan núverandi útgjaldaramma.
  - 3) **Ekki festa Ísland í sessi sem háskattaríki.** Á Íslandi eru innheimtir einhverjir hæstu skattar meðal þróaðra ríkja. Ekki hefur að neinu marki verið hróflað við miklum skattahækkunum áranna eftir hrun. Mikilvægt er að skapa svigrúm til draga tilbaka þær skattahækkanir.
  - 4) **Mikilvægt að horfa til ólíkra leiða til að fjármagna innviði.** Takmarkað svigrúm er í rekstri hins opinbera til að standa undir allri þeirri fjárfestingaþörf sem nauðsynleg er í innviðum landsins. Horfa þarf til ólíkra leiða í þeim efnum.
  - 5) **Áfram skal leggja áherslu á að greiða niður skuldir.** Þrátt fyrir batnandi skuldastöðu eru skuldir hins opinbera enn háar og hærri en þær voru 2008. Mikilvægt er að hvika hvergi frá áframhaldandi niðurgreiðslu skulda.

# Þrjár fjármálastefnur á þremur árum. Engin fjármálastefna hefur gilt út kjörtímabilið en allar eru þær keimlíkar. Skilaboð SA hafa verið skýr allan tímann.

Dingiskjal 1213 — 741. mál.

**Tillaga til þingsályktunar**  
um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2021.  
(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

146. löggjafarþing 2016–2017.  
Þingskjal 123 — 66. mál.  
Stjórnartillaga.

**Tillaga til þingsályktunar**  
um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022.  
Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

Alþingi um opinbera fjármál  
148. löggjafarþing 2017–2018.  
Stjórnartillaga.

**Tillaga til þingsályktunar**  
um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.  
Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

Alþingi ályktar, sbr. lög 123/2015, um opinber fjármál, að stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál samkvæmt eðurfarandi yfirliti um aformaða atkoma- og skuldaþróun fyrir fjárlagaárið 2018 og næstu fjögur ár þar á eftir á grundvelli þeirra forsendna sem fjármálastefnan er reist á. Með hljóðun af núverandi efnahagshorfum og horfum í fjármálum hins opinbera eru stefnumið í opinberum fjármálum næstu fimm ár eðurfarandi:

Hlutféll af vergi landsframléiðs, %	2018	2019	2020	2021	2022
<b>I. Hið opinbera, A-hluti</b>					
Heildarátöma	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,2	1,0	0,9	0,8	0,8
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	27,5	25,0	23,0	22,0	20,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	6,3	6,0	5,5	5,3	5,0
<b>Opinberis aðilar í heild</b>					
Heildarátöma	2,9	3,0	3,0	3,0	3,0
þar af hið opinbera, A-hluti	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	1,5	1,8	1,9	2,0	2,0
Skuldir*	59,8	55,0	50,5	48,3	45,0
þar af hið opinbera, A-hluti	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	26,0	24,0	22,0	21,0	20,0

\* Heildarskuldir, að frátöllum lífeyrisskuldabindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankkaustöðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

I. Afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera tímabilið 2018–2022, sem verði að lágmarki 1,4% af vergi landsframléiðs (VLF) árið 2018, 1,2% af VLF árið 2019, 1,1% af VLF 2020 og 1,0% af VLF á ári þar á eftir.

II. Heildarskuldir hins opinbera verði kommar undir 30% af VLF í árslok 2020 og verði ekki hærra en 25% af VLF í árslok 2022.



# Núverandi fjármálastefna gerir þó ráð fyrir lítillega minni afgangi. Þrátt fyrir spá um svipaðan hagvöxt þá eru áætlanir um minni afgang á rekstri hins opinbera. Þenslustigið er því að aukast að öðru óbreyttu.

146. löggjafarþing 2016–2017.  
Þingskipti 123 — 66. mál.  
Stjórnartillaga.

**Fjármálastefna  
janúar 2017**

**Tillaga til þingsá-  
lutar um fjármálastefnu fyrir á-  
rin 2017–2022**  
Frá fjármála- og efnahagsráðgjafum.

Alþingi ákveður, sbr. lög 123/2015, um opinber fjármál samkvæmt eftirfarandi yfirliti fyrir fjárhagsárið 2017 og næstu fimm ár þar á eftir fjármálastefnan er reist á. Með hlífðun af núverandi fjármálum opinbera eru stefnumátt í opinberum fjármálum

Hlutféll af vextri landsframlæislu, %	2017
<b>Hjó opinbera, A-hluti</b>	
Heildarskuldur	1,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,0
Skuldir*	37
þar af ríkissjóður, A-hluti	31
þar af sveitarfélög, A-hluti	5,9
<b>Opinberir aðilar í heild</b>	
Heildarskuldur	0,5
þar af hjó opinbera, A-hluti	1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	-0,5
Skuldir*	59
þar af hjó opinbera, A-hluti	37
þar af fyrirtæki hins opinbera	22

\* Heildarskuldur, að fríttölum lífeyrisskuldabindingum og bankamntæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinbera fjármál.

I. Afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera á m.k. 1,0% af vextri landsframlæislu árin 2018 og 2019 en lækki um 0,1 afgangnum verði varið til hekkunar skulda.

II. Heildarskuldur hins opinbera verði komnar undir 26% af VLF í árslok 2022.

148. löggjafarþing 2017–2018.  
Stjórnartillaga.

**Fjármálastefna  
desember 2017**

**Tillaga til þingsályktunar  
um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022**  
Frá fjármála- og efnahagsráðgjafum.

Alþingi ákveður, sbr. lög 123/2015, um opinber fjármál, að stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál samkvæmt eftirfarandi yfirliti um áformaða afkomu- og skuldapróum fyrir fjárhagsárið 2018 og næstu fjögur ár þar á eftir á grundvelli þeirra forsendna sem fjármálastefnan er reist á. Með hlífðun af núverandi efnahagsforlum og forlum í fjármálum hins opinbera eru stefnumátt í opinberum fjármálum næstu fimm ár eftirfarandi:


Hlutféll af vextri landsframlæislu, %	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Hjó opinbera, A-hluti</b>					
Heildarskuldur	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,2	1,0	0,9	0,8	0,8
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	27,5	25,0	23,0	22,0	20,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	6,3	6,0	5,5	5,3	5,0
<b>Opinberir aðilar í heild</b>					
Heildarskuldur	2,9	3,0	3,0	3,0	3,0
þar af hjó opinbera, A-hluti	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	1,5	1,8	1,9	2,0	2,0
Skuldir*	59,5	55,0	50,5	48,3	45,0
þar af hjó opinbera, A-hluti	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	26,0	24,0	22,0	21,0	20,0

\* Heildarskuldur, að fríttölum lífeyrisskuldabindingum og viðskiptaskuldam og að fjáðregnum sjóðum og bankamntæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinbera fjármál.

I. Afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera tímabilshó 2018–2022, sem verði að lágmarki 1,4% af vextri landsframlæislu (VLF) árið 2018, 1,2% af VLF árið 2019, 1,1% af VLF 2020 og 1,0% af VLF á ári þar á eftir.

II. Heildarskuldur hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2020 og verði ekki hærrí en 25% af VLF í árslok 2022.


Áætlun í fjármálastefnum: Afkoma hins opinbera - sem % VLF



■ Fjármálastefna janúar 2017 ■ Fjármálastefna desember 2017

# Of lítill afgangur á toppi hagsveiflunnar. Jákvæð afkoma þó litlu megi muna. Afkoma í núverandi hagsvaxtarskeiði er mun minni en á síðasta hagsvaxtarskeiði.

Afkoma hins opinbera <sup>1</sup>  
- % af landsframleiðslu



<sup>1</sup> Að frátöldum einskiptistekjum eins og stöðugleikaframlögum.


7 Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaáætlun hins opinbera.




# Er ábyrgt að treysta á 11 ára samfleytt hagvaxtarskeið? Vísbendingar eru nú þegar þess efnis að það sé að hægja á hagvextinum og hagvaxtarforsendur hafa verið að breytast.

## Hagvöxtur á mann

- %, 12 mánaða breyting



**Forsendur gætu breyst?** Samfara því sem hægt hefur á hagkerfinu þá hafa forsendur um hagvöxt fyrir árið farið lækkandi.






**Verði hagvöxtur minni gæti jákvæð afkoma hæglega snúist í halla.** Lítið má út af bregða og því mikilvægt að búa í haginn þegar vel gengur. Sviðsmyndagreining m.v. mismunandi hagvaxtarforsendur væri æskileg og myndi auka trúverðugleika fjármálastefnunnar.

Afkoma ríkissjóðs árið 2018 m.v. mismunandi hagvaxtarforsendur


- Miðað við mismunandi frávík frá áætluðum hagvexti í fjárlagafrumvarpi



# Jákvætt að áfram séu greiddar niður skuldir. Þrátt fyrir áform um niðurgreiðslu skulda þá verður hið opinbera skuldsettara í lok tímabils en á síðasta þensluskeiði. Áfram þarf að leggja áherslu á niðurgreiðslu skulda.

## Skuldir hins opinbera samkvæmt skuldareglunni


% af landsframleiðslu, heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum, sjóðum og bankainnistæðum



**Vaxtakostnaður er einn sá mesti meðal iðnríkja á Íslandi.** Hár vaxtakostnaður undirstrikar mikilvægi þess að skuldir verði greiddar meira niður. Minni vaxtakostnaður skapar svigrúm svo hægt sé að nýta fjármuni til þarfra verkefna.

Árið 2016: Vaxtakostnaður hins opinbera

% af landsframleiðslu



**Jákvætt skref.** Ný lög um opinber fjármál stuðla að bættum vinnubrögðum. Þau hvetja til langtímahugsunar og aga við gerð fjárlaga. Hins vegar þarf að tryggja að fjármálareglurnar stuðli að aðhaldssamri fjármálstefnu á uppgangstímum.



- Í ársbyrjun 2016 voru **ný lög um opinber fjármál** innleidd þar sem áhersla var lögð á **langtímahugsun** og **aga** við framkvæmd fjárlaga.
- Mikilvægur þáttur í nýju lögunum er að stjórnvöldum hverju sinni ber að leggja fram **fjármálstefnu til næstu fimm ára** þar sem tryggt er að heildarafkoma sé jákvæð yfir tímabilið og að skuldahlutföll lækki í samræmi við markmið.
- Þessi breyting er **skynsamleg nálgun** og til þess fallin að **auka festu** í ríkisfjármálum.


- 1. Afkomuregla:** Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.
- 2. Skuldaregla:** Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum sjóðum og bankainnistæðum, séu lægri en sem nemur 30% af vergri landsframleiðslu.
- 3. Skuldalækkunarregla:** Markviss lækkun skulda á meðan kuldir eru yfir 30% viðmiðinu.

**Stjórnvöld verða að uppfylla þrjár fjármálareglur**

# Fjármálareglan er nauðsynleg en ekki nægjanleg. Hið opinbera uppfyllti öll skilyrði núverandi fjármálareglu á þensluárunum þrátt fyrir að stuðla á sama tíma að efnahagslegum óstöðugleika.


- Á árunum 2006-2007 uppfylltu stjórnvöld öll skilyrði núgildandi fjármálareglna þrátt fyrir að á sama tíma var fjármálastefnan þensluhvetjandi og ýtti undir efnahagslegt ójafnvægi. Samanlögð afkoma á þessum árum var jákvæð og skuldir verulega undir skuldaviðmiðum.
- Reynsln af þensluárunum síðustu var að **afkoma er ekki fullnægjandi mælikvarði á aðhaldssemi opinberra fjármála**. Til að meta aðhaldsstig þarf að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu eða vöxt útgjalda.

**Afkomuregla:** Afkoma hins opinbera % af VLF  
- á hverju ári




Afkomuregla: Árlegur halli ávallt undir 2,5% af VLF árlega

**Afkomuregla:** Afkoma hins opinbera % af VLF  
- Samtala yfir 5 ára tímabil



Afkomuregla: Afkoma jákvæð til 5 ára

**Skuldaregla:** Skuldir hins opinbera<sup>1</sup>, % af VLF




Skuldaregla: Skuldir undir 30% af VLF

<sup>1</sup> Að frádregnum lífeyrisskuldbindingum, viðskiptaskuldum, að viðbættum sjóði og bankainnstæðum.

# 1. Afkomuregla kemur ekki í veg fyrir kerfislæga umframkeyrsla. Ríkisútgjöld á árinu 2017 hafa hækkað í takti við viðtekna venju. Almennt er útgjaldaaukning frá frumvarpi til ríkisreiknings 7%. Afkomureglan nær ekki að koma í veg fyrir þá aukningu.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings

- Vísitala = 100 við frumvarp




## 2. Afkomuregla er ekki trygging fyrir aðhaldssamri fjármálastefnu á uppgangstímum. Þriðja árið í röð munu fjármál hins opinbera auka þenslu í hagkerfinu þrátt fyrir að afkomureglan sé uppfyllt. Mikilvægt er að horfa til hagsveifluleiðréttrar afkomu ef meta á þensluáhrif.

### Aðhaldsstig ríkisfjármála: Breyting á hagsveifluleiðréttri afkomu hins opinbera (% af VLF)

Miðað við leiðréttan frumjöfnuð ríkissjóðs<sup>1</sup>

**AUKIÐ AÐHALD**  
**MINNKAÐ AÐHALD**








**Fjármálareglan er ekki nægjanleg.** Meginfalli á núverandi fyrirkomulagi er að afkomureglan tekur ekki tillit til hagsveiflunnar. Þó öll skilyrði séu uppfyllt er enn umframkeyrsla á útgjöldum og fjármálastefnan er þensluhvetjandi á uppgangstímum. Horfa þarf til reynslu annarra iðnríkja sem flest öll hafa innleitt hagsveifluleiðrétta afkomureglu.

**1. Afkomuregla kemur ekki í veg fyrir kerfislæga umframkeyrsla.** Ríkisútgjöld á árinu 2017 hafa hækkað í takti við viðtekna venju. Almennt er umframkeyrsla frá frumvarpi til ríkisreiknings er 7%. Afkomureglan er ekki að stöðva slíkt.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings  
- Vísitala = 100 við frumvarp




Fyrirkomulag á afkomureglu 38 iðnríkja



**Til umhugsunar:** Lítil áhersla hefur verið á að halda aftur að útgjöldum þó umsvif hins opinbera séu mikil á Íslandi. Nú þegar ráðstafar hið opinbera 40% af þeim verðmætum sem sköpuð eru í landinu.

### Heildarútgjöld hins opinbera

- Árið 2015, % af VLF, leiðrétt fyrir greiðslum ellilífeyris og atvinnuleysis<sup>1</sup>





<sup>1</sup> Leiðrétt er fyrir ellilífeyri til að gera ríki með sjóðsöfnunarkerfi og gegnumstreymiskerfi samanburðarhæf. Leiðrétt er fyrir atvinnuleysi þar sem slík fjárútlát eru að litlu leyti valkvæð fyrir hið opinbera.

Heimildir: OECD og útreikningar efnahagssviðs.

## Til umhugsunar: Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Regluleg útgjöld ríkissjóðs nálgast hápunkt. Útgjöld á mann hafa vaxið að raunvirði nánast samfleytt frá árinu 2012.

### Frumútgjöld ríkissjóðs á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum<sup>1</sup>

Milljónir króna á verðlagi 2017<sup>2</sup>




<sup>1</sup> Teknir eru út útgjaldaliðir sem fjárveitingarvaldið hefur litla stjórn á, á hverjum tíma, s.s. áfallnar ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisgreiðslur, afskriftir skattkrafna.

<sup>2</sup> Annar grunnur frá árinu 2016.

**Til umhugsunar:** Í fáum ríkjum er skattbyrði meiri en á Íslandi. Allar skattaálögur eru að lokum bornar af almenningi. Mikil skattheimta dregur úr samkeppnishæfni landsins. Marka þarf markvissa stefnu til að halda aftur af útgjöldum og skapa svigrúm til að draga úr skattheimtu á landsmenn.

**Topp tíu háskattaríki OECD: Heildarskatttekjur hins opinbera**

- Árið 2015, % af VLF, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga\*




\* Í Danmörku fer greiðsla almannatrygginga beint í gegnum skattkerfið og henni er því sleppt í þessum samanburði þar sem það er ekki samanburðarhæft.

\* Nýjustu gögn fyrir Ástralíu eru frá 2015.

## Til umhugsunar: Er verið að festa skattahækkanir í sessi? Skattahækkanir vörðuðu leiðina að hallalausum rekstri ríkissjóðs eftir síðustu niðursveiflu og standa þær flestar óhreyfðar.

### Leiðin að hallalausum rekstri 2009-2014<sup>1</sup>

Breyting á tímabilinu á frumgjöldum og –tekjum ríkissjóðs



Skattahækkanir Niðurskurður

Dæmi um skattahækkanir	2008	Í dag
Fjármagnstekjuskattur	10%	22%
Tekjuskattur fyrirtækja	15%	20%
Tekjuskattur einstaklinga	22,75%	22,5%/31,8%
Tryggingagjald	5,34%	6,85%
Bankaskattur	-	0,376%
Fjársýsluskattur á heildarlaun fjármálafyrirtækja	-	5,5%
Kolefnisgjald	-	9,45 kr./8,25kr.
Gistináttagjald	-	300 kr.
Veiðigjald á þorsk (kr/kg) <sup>2</sup>	4,01	22,98
Vegið meðalútsvar sveitarfélaga	12,97%	14,44%
Veginn fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði	0,25%	0,29% <sup>3</sup>
Veginn fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði	1,59%	1,64% <sup>3</sup>


<sup>1</sup> Breytingin er mismunur á ríkisreikningi m.v. 2009 á föstu verðlagi. Í samanburðinu eru teknir til hliðar einstakir liðir sem stjórnvöld hafa ekki stjórn á við fjárlagagerð og teljast ekki til reglulegra tekna eða gjalda, eins og framlög í atvinnuleysistryggingasjóð, afskriftir skatttekna, innborgun á lífeyrisskuldbindingar, framlag til ÍLS og áfallnar ríkisábyrgðir.

<sup>2</sup> M.v. fiskveiðiár 2009/2010 og 2017/2018

<sup>3</sup> 2017

**Til umhugsunar:** Áskoranir eru framundan við uppbyggingu innviða. Fjárfesting hins opinbera hefur á undanförunum árum verið um helmingur af sögulegu meðaltali. Veruleg uppsöfnuð fjárfestingaþörf hefur því myndast og þarf að líta með opnum hug til mögulegra kosta við fjármögnun ólíkra verkefna.


Fjárfesting hins opinbera  
- sem hlutfall af landsframleiðslu



### Uppsöfnuð fjárfestingaþörf innviða



**Fráveitur**  
50-80 milljarðar



**Vatnsveitur**  
15 milljarðar



**Raforkuflutningur og dreifing**  
70 milljarðar



**Vegagerð**  
110-130 milljarðar

## Fimm atriði sem mikilvægt er að hafa hugfast þegar stefna opinberra fjármála er mörkuð

1

**Uppsveiflur taka enda.** Mikilvægt er að auka afgang af rekstri hins opinbera meðan tekjustofnar eru enn sterkir. Við munum búa að þeirri ráðdeild næst þegar harðnar á dalnum.

2

**Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu.** Það á ekki að vera markmið í sjálfu sér að auka opinber útgjöld heldur fyrst og fremst að skila betri þjónustu þar sem hennar er þörf. Tækifæri eru falin í betri nýtingu fjármuna og forgangsriðunar innan núverandi útgjaldaramma.

3

**Ekki festa Ísland í sessi sem háskattaríki.** Á Íslandi eru innheimtir einhverjir hæstu skattar meðal þróaðra ríkja. Ekki hefur að neinu marki verið hróflað við miklum skattahækkunum árána eftir hrun. Mikilvægt er að skapa svigrúm til þess að hægt sé að draga úr skattheimtu.

4

**Mikilvægt er að horfa til ólíkra leiða til að fjármagna innviði.** Takmarkað svigrúm er í rekstri hins opinbera til að standa undir allri þeirri fjárfestingaþörf sem nauðsynleg er í innviðum landsins. Horfa þarf til ólíkra leiða í þessum efnum.

5

**Áfram skal leggja áherslu á að greiða niður skuldir.** Þrátt fyrir að skuldastaða hins opinbera hafi farið batnandi eru skuldir enn mun hærri en þær voru 2008. Mikilvægt er að hvika hvergi frá áframhaldandi niðurgreiðslu skulda.



# Efnahagssvið SA



Ásdís Kristjánsdóttir  
Forstöðumaður  
asdis@sa.is  
sími: 591-0080



Óttar Snædal  
Hagfræðingur  
ottar@sa.is  
sími: 591-0082



Tryggvi Másson  
Viðskiptafræðingur  
tryggvi@sa.is  
sími: 591-0083



@atvinnulifid



@atvinnulifid



...NAGLI  
...KOCY  
...LATINDUR  
...LABÆR  
...SÖÐULHÖLAR  
...ÖXTARÁ  
...MÚAFELL  
...LEDAÁ  
...JILLI



...SÖÐULHÖLAR  
...ÖXTARÁ  
...MÚAFELL  
...LEDAÁ  
...JILLI  
...RNARKLETTUR

...NÓN  
...M  
...A  
...U  
...D  
...V  
...A  
...B  
...C  
...D  
...E  
...F  
...G  
...H  
...I  
...J  
...K  
...L  
...M  
...N  
...O  
...P  
...Q  
...R  
...S  
...T  
...U  
...V  
...W  
...X  
...Y  
...Z